Reykjavík

Frístundaheimilið Hraunheimar

Starfsáætlun 2026-2027



LÁTUM DRAUMANA RÆTAST

Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit:

Inngangur 4
Innra mat 2025-2026 4
Umbótaáætlun 2026-2027 4
Þróunarverkefni og áherslur starfsársins 6
Helstu dagsetningar 7
- Ágúst 7
- September 7
- Október 7
- Nóvember 7
- Desember 7
- Janúar 7
- Febrúar 8
- Mars 8
- Apríl 8
- Maí 8
- Júní 8
- Júlí 8

Inngangur

Í þessari starfsáætlun er fjallað um innra mat frístundaheimilisins Hraunheima auk þess sem tilgreindir eru viðburðir og dagsetningar í hverjum mánuði sem skiptir máli í starfinu.

Markmið með innra mati er að efla árangur og gæði frístundastarfs. Metið er út frá útgefnum Viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum frístundastarfs Reykjavíkurborgar þar sem vísbendingar sem þykja framúrskarandi eða mjög góðar eru taldar til styrkleika en vísbendingar sem fá einkunnina ábótavant eða óviðunandi fara í umbótaáætlun. Niðurstöður viðhorfskannana eru ávallt ryndar í innra mati.

Innra mat 2025-2026

Styrkleikar og tækifæri eru byggð á niðurstöðum úr innra mati síðasta árs og unnin út frá matsblöðum fyrir áhersluþætti innra mats.

Styrkleikar (vísbendingar sem fá A)

- Í frístundastarfinu er hlúð að börnum í samræmi við þarfir og þroska hvers og eins svo börnin fái notið bernsku sinnar.
- Í frístundastarfinu er lögð áhersla á styrk barna og áhuga.
- Skilaboð til barnanna og mikilvægar upplýsingar eru myndrænar og sýnilegar í þeirra hæð.
- Börnin eru hvött til að vera forvitin og takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni, þar sem náttúra og nærumhverfi eru nýtt sem vettvangur leiks og starfs.
- Boðið er upp á frjálsan leik og skipulagt hópastarf í almennu starfi.
- Frístundaheimilið veitir viðeigandi fræðslu til nýrra starfsmanna frístundaheimilis, hvetur til símenntunar og skapar aðstæður til starfsþróunar.
- Starfsfólk er hæft og hefur frumkvæði að því að nýta áhugamál sín og þekkingu í starfi.
- Tekið er á móti börnum og þau kvödd með skipulögðum hætti, þannig að ljóst sé hve mörg börn eru á frístundheimilinu hverju sinni.
- Úrval af efniviði og búnaði er til staðar sem höfðar til mismunandi áhugasviðs barna og mætir þörfum þeirra óháð aldri og þroska.

Tækifæri (vísbendingar sem fá C eða D)

- Börnin eru virkir þátttakendur og hafa jöfn tækifæri til að hafa áhrif á starfið og aðstæður. Lýðræðisleg vinnubrögð eru hluti af reglulegu starfi.
- Markvisst samstarf er við foreldra, aðra samstarfsaðila og gott upplýsingaflæði um starfsemina.
- Skipulag húsnæðis og útileiksvæðis gerir ráð fyrir ólíkum viðfangsefnum barna og börnum eru tryggð jöfn tækifæri þegar kemur að vali.

Umbótaáætlun 2026-2027

Heiti aðgerðar:	
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. út frá köflum í matsblöðum fyrir áhersluþætti innra mats. Börnin/Lýðræði og þátttaka, Starfshættir og viðfangsefni, Faglegt starf, Bjargir og skipulag)	Börnin eru virkir þátttakendur og hafa jöfn tækifæri til að hafa áhrif á starfið og aðstæður. Lýðræðisleg vinnubrögð eru hluti af reglulegu starfi.

Tækifæri til umbóta. Út frá innra mati frá fyrra ári.	Börnin hafa ekki nógu góðan vettvang til að koma með eigin hugmyndir að viðfangsefnum eða stuðning til að koma þeim í framkvæmd
Aðgerðir til umbóta. Hvernig á að framkvæma það?	Virkja þarf réttindaráð Hraunheima, til dæmis með því að fara yfir hugmyndir í hugmyndakassa, halda reglulega fundi og bjóða þátttakendum að hafa meiri áhrif á starfið. Virkjum einnig kosningakassa fyrir ýmis málefni.
Ábyrgð	Forstöðumaður og aðstoðarforstöðumaður
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Október 2026-desember 2026
Hvenær og hvernig á að endurmeta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Fundir með réttindaráði einu sinni í mánuði og könnun lögð fyrir þrisvar sinnum á ári um mat þeirra á starfinu.
Viðmið um árangur. Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Könnun verður lögð fyrir í nóvember og aftur í febrúar og apríl. Niðurstöðurnar verða bornar saman til að meta árangur.

Heiti aðgerðar:	
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. út frá köflum í matsblöðum fyrir áhersluþætti innra mats. Börnin/Lýðræði og þátttaka, Starfshættir og viðfangsefni, Faglegt starf, Bjargir og skipulag)	Markvisst samstarf er við foreldra, aðra samstarfsaðila og gott upplýsingaflæði um starfsemina.
Tækifæri til umbóta. Út frá innra mati frá fyrra ári.	Nýir foreldrar fá ekki upplýsingaefni um starf Hraunheima. Ekki eru haldnir reglulegir fundir með grunnskóla um sameiginleg málefni. Stjórnendur sitja ekki lausnateymisfundi í Fellaskóla. Stjórnendur sitja ekki móttökuviðtöl. Lítið samstarf er við íþrótta- og æskulýðsfélög og listaskóla.
Aðgerðir til umbóta. Hvernig á að framkvæma það?	Búa til kynningarpakka fyrir nýja foreldra sem sendur er út um leið og umsókn barns er staðfest. Haft verður samband við skólastjórnendur og óskað eftir að sitja móttökuviðtöl, lausnateymisfundi og samstarfsfundi. Við sitjum nú þegar samstarfsfundi og erum í lausnateymi í Hólabrekkuskóla en ekki í Fellaskóla. Haft verður samband við Tónskóla Sigursveins, Leikni og Aþenu til að hefja samstarf.
Ábyrgð	Forstöðumaður og aðstoðarforstöðumaður
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Nóvember 2026 – desember 2026
Hvenær og hvernig á að endurmeta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Samstarf og vera boðin á ofangreinda fundi.

Viðmið um árangur. Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Markmiðið er að í lok desember sé komið á betra samstarf og að við höfum að minnsta kosti samskipta upplýsingar (sími, tölvupóstur, msgr)

Heiti aðgerðar:	
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. út frá köflum í matsblöðum fyrir áhersluþætti innra mats. Börnin/Lýðræði og þátttaka, Starfshættir og viðfangsefni, Faglegt starf, Bjargir og skipulag)	Skipulag húsnæðis og útileiksvæðis gerir ráð fyrir ólíkum viðfangsefnum barna og börnum eru tryggð jöfn tækifæri þegar kemur að vali.
Tækifæri til umbóta. Út frá innra mati frá fyrra ári.	Aðstaða á útisvæði hentar ekki þeim sem eru í hjólastól. Grasblettur á lóð er illa farinn. Hressa þarf upp á leiktæki og merkingar á leikvelli.
Aðgerðir til umbóta. Hvernig á að framkvæma það?	Hafa samband við Jafnasel og fá leiksvæðið lagað, leiktæki máluð og grasblettinn lagaðan. Einnig er til dæmis hægt að setja ramp til að auðvelda aðgengi hjólastóla að vellinum. Kaupa útimálningu til að merkja leikvöll, bæði vítateig við fótboltamark og pogo völl.
Ábyrgð	Forstöðumaður og aðstoðarforstöðumaður
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Nóvember 2026 – júní 2027
Hvenær og hvernig á að endurmeta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Aðgerðum verður náð þegar tekist hefur að laga öll atriði.
Viðmið um árangur. Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Aðgerðum verður náð þegar tekist hefur að laga öll atriði.

Þróunarverkefni og áherslur starfsársins

út frá Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 og Almennum aðgerðum menntastefnu Reykjavíkur 2025-2027.

Barnablaðið

Unnið er með frístundalæsi sem snýr að eflingu máls og læsis barna í gegnum leik á frístundaheimilinu. Frístundaheimilin í Breiðholti gefa úr barnablað einu sinni í mánuði þar sem unnið er með ákveðna tegund læsis í hverju blaði. Í blaðinu er útskýring á einni læsistegundum hverju sinni og spurningar sem viðmælendur blaðsins eru spurðir tengdar því.

Hraunheimaráð

Hraunheimaráðið er liður í Barnasáttmálaverkefni Unicef. Hraunheimar hljóta viðurkenningu sem réttindafrístund í nóvember og vinnur starfsfólk með börnunum eftir verklagi Barnasáttmálans. Unnið er í nánu samstarfi við Hólabrekkuskóla, félagsmiðstöðina 111 og frístundaheimilið Álfheima.

Kvikmyndaklúbbur

Kvikmyndaklúbburinn er árlegt verkefni sem hefst á haustönn og lýkur í janúar. Börnin semja handrit fyrir stuttmynd, æfa, taka upp og klippa. Að lokum er myndin sýnd á sameiginlegri kvikmyndahátíð frístundaheimilanna, Filmunni. Verkefnið eflir sjálfstæði, virkjar hugmyndaflug og eykur samstarf milli frístundaheimilanna.

Breiðholt got talent

Breiðholt got talent er hæfileikakeppni frístundaheimilanna í Breiðholti. Öllum börnum er boðið að taka þátt í forkeppni innan síns frístundaheimilis og sigurvegarinn keppir fyrir hönd frístundaheimilisins í sameiginlegri hæfileikakeppni frístundaheimilanna.

Leiklistarverkefnið

Samvinnuverkefnið milli frístundaheimila í Breiðholti fyrir 3.-4. Bekk. Sett verður upp sameiginleg sýning þar sem hvert og eitt frístundaheimili fær úthlutað part úr leikriti. Æft verður á hverjum stað fyrir sig og síðan verða sameiginlegar lokaæfingar fyrir leiklistarhátíð.

Helstu dagsetningar

Ágúst
24. Skólasetning
25. Fyrsti dagur í vetrarfrístund

September
14.-18. Útileikir og Náttúra
17. Foreldrakynning
18. Lengd viðvera Hólabrekkuskóli

Október
5.-9. Íþróttavika
5. Lengd viðvera Fellaskóli
6. Lengd viðvera Fellaskóli
8. Lengd viðvera Hólabrekkuskóli
22.-26. Vetrarleyfi

Nóvember
9.-13. Vináttuvika
16.-20. Réttindavika
20. Lengd viðvera Fellaskóli
24. Foreldrakaffi
27. Lengd viðvera Hólabrekkuskóli

Desember
21.-30. Lengd viðvera Jólaleyfi

Janúar
4. Lengd viðvera Jólaleyfi
5. Lengd viðvera Hólabrekkuskóli
11.-15. Kvikmyndavika
14. Kvikmyndahátíðin Filman
18.-22. Þorravika

21. Bóndadagskaffi
Starfsþróunarsamtöl

Febrúar
3. Lengd viðvera Hólabrekkuskóli
4. Lengd viðvera Fellaskóli
12. Breiðholt got talent hæfileikakeppni
22.-23. Vetrarleyfi
24.-26. Góuvika
24. Konudagskaffi

Mars
15.-19. Regnbogavika
22.-24. Lengd viðvera Páskaleyfi, Dymbilvika

Apríl
19.-23. Barnamenningarhátíð
20. Kaldir krakkar
27. Starfsdagur

Maí
10.-14. Úti/samvinnuleikir

Júní
10. Skólaslit
14. Sumarfrístund byrjar

Júlí
Sumarfrístund